

Reykjavík, 23. október 2019

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
anr@anr.is

Efni: Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks.

Hinn 16. október sl. birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is.

Í athugasemdum frumvarpsdraganna er vísað til áfangaskiptra áforma ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um einföldun regluverks sem hafa þann tilgang að draga úr reglu- og stjórnslubyrði atvinnulífsins. Í fyrsta og öðrum kafla almennra athugasemda frumvarpsdraganna er gerð nokkur grein fyrir aðgerðaráætlun ráðuneytisins um einföldun regluverks á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. SVP vilja nota tækifærið og lýsa sérstakri ánægju með þetta framtak.

Afstaða SVP er sú að áform ráðherra séu í meginatriðum ekki aðeins skynsamleg og heldur einnig verulega tímabær. Ekki verður betur séð en að margar þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpsdrögumunum muni einfalda regluverk sem leggur óþarfa byrði á atvinnulífið.

Í þessu framangreindu ljósi fagna SVP frumvarpsdrögumunum.

F.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur